

## Foreldrakönnun 2013, úrbótaáætlun.

**Það sem þarf að laga hjá okkur, hvað má betur fara og hvernig ætlum við að gera það.**

- Hefði þó mátt vera einn ákveðinn kennari sem tæki alltaf á móti honum alla daga.
- Drengnum líður vel og líkar vel við kennarana. Mætti þó vera meiri regla á því hver annast hann þ.e.a.s. einn ákveðin hópstjóri sem tekur á móti honum á morgnana, sér að mestu um hann á daginn og kveður hann svo eftir daginn. Finnst einnig stundum vera svoldið rót á starfinu þ.e.a.s. börnin ráfa um inn á deild ekki í neinum ákveðnum leik, innan um stóla og annað sem hægt er að slasa sig á. Mætti líka vera regla að hafa börnin á tánum í leikfímissalnum, þá detta þau síður :)

Í leikskólanum er hópstjóri með ákveðnum barnahópum. Við viljum leggja okkur fram við að leggja áherslu á að hópstjóri tengist hverju barni og eigi góð foreldrasamskipti. Hópstjóri hefur helstu upplýsingar um líðan, svefn, framfarir o.s.frv. Deildastjóri er einnig í samskiptum við foreldra og hefur yfirumsjón með deildinni sem og að sjálfsögðu allir aðrir starfsmenn deildarinnar. Þegar börn koma á öðrum tímum en þann tíma sem hópstjórinn vinnur vonumst við til að hafa fast starfsfólk á opunar- og lokunarvöktum sem tengist þeim börnum sem nýta þann tíma. Við viljum skipuleggja deildar þannig að foreldrar hitti deildastjóra og hópstjóra og viljum reyna eftir fremsta megni að skipuleggja vaktir starfsfólks þannig að það sé meiri hluta dags en komum ekki til með að geta haft sama fólk frá 7:30 – 17:00.

- Rót á deildum og ráf inni á deild.
- Það var ekki gott skipulag á aðlöguninni, mikið um erill á leikskólanum. Skapaði óöryggi hjá barninu að ekki var sama starfsfólkið á deildinni

Við viljum leggja okkur fram við að hafa reglu á deildum, reyna að skapa eins mikla ró og hægt er. Við vonumst til að næsta vetur sé komin meiri festa í starfsmannahaldi og grunnurinn sem við leggjum upp með verði fastur í sessi. Þar sem mikið var að nýju starfsfólki síðasta ár og á tímabili allt of margt starfsfólk, þar sem ekki var búið að opna allar nýju deildarnar vegna seinkunar hafði það áhrif á festu í starfinu. Tíminn var notaður til að losa starfsmenn út af deildum, gefa þeim tækifæri til að lesa ýmislegt varðandi leikskólann, haldnir voru fyrirlestrar um starfið og starfshættir leikskólans kynntir til að gera starfsmenn öruggari í starfi. Það hafði áhrif á að starfsmenn voru ekki alltaf þeir sömu inni á deildunum. Um leið vorum við að móta dagskipulag okkar og koma reglu á það. Markmið okkar er að

börnin verði örugg, njóti dagsins og takist á við margvísleg, spennandi verkefni. Lotuvinnan okkar var í mótun og munum við halda áfram að þróa hana. Einnig höfum við sett upp aðlögunaráætlun sem allir starfsmenn fylgja og foreldrar fá hana afhenta strax í fyrsta viðtali við leikskólastjóra/aðstoðarleikskólastjóra.

- One reflection I think the playschool could have talked to the partents and given specific guidelines as to how to conduct there goodbyes. Also to take videos of the child to assure the parents that the child was OK once mummy/daddy had left the scene.

Góð ábending um mikilvægi þess að útskýra fyrir foreldrum aðlögun og aðlögunartíma. Hvað það er mikilvægt að gera barnið öruggt á leikskólanum og að koma til móts við þarfir hvers barns í aðlögun og upplýsa foreldra um hvernig dagurinn gekk eftir kveðjustund sem getur oft á tíðum verið erfið og í langan tíma. Við viljum leggja okkur fram við að létta kveðjustundina, leyfa börnum að hafa tengihluti og allt sem hjálpar til. Góð regla er að hringja í foreldra og segja þeim stöðu barnsins eftir erfiða kveðjustund.

- Finnst það mega bjóða henni að drekka oftár!

Flott ábending til okkar ☺ Börn eru oft þyrst og geta ekki sagt frá því hvað er að angra þau. Gott að hafa það sem reglu að bjóða börnum reglulega að drekka.

- Mér finnst ekki nógu vel fylgst með þegar þau klæða sig í og úr eftir útiveru, og það er rosalega oft sem það eru blaut föt í hólfinu á röngunni og hreinlega vantar föt í hólfid.
- Passa betur uppá föt og hluti sem þau eru með í leikskólann (inniskó, bangsa og annað). Setja blaut föt í þurrskápin og læra að raða í hann. Þrifa börnin betur í framan og um hendur eftir mat ef þau gerðu það ekki nógu vel sjálf þá hjálpa þeim. snýta þeim oftár ef þau eru kvefuð (það sést alveg ef þau eru það).

Þessu verður brugðist við. Fataklefinn er eitt af þeim svæðum sem þarf að hugsa vel um. Kennarar þurfa að fara vel yfir og setja föt í þurrskápa eftir þannig veðráttu. Að sjálfsögðu á að raða almennilega inn í þá. Því miður hefur verið nokkuð um að föt hafa týnst og þykir okkur það mjög miður. Okkur langar til að hafa fataklefann snyrtilegann og hafa það samvinnuverkefni okkar og foreldra að halda hólfulum barnanna fínnum. Við brugðum á það ráð að hafa körfur fyrir aukaföt og að hólfín yrðu tæmd á föstudögum og að leikskólatöskur færu

heim í stað þess að vera geymdar í leikskólanum. Við sáum mun á fataklefanum við það því oft voru leikskólatöskurnar ansi stórar og fyrirfaramiklar. Einnig teljum við auðveldara að hafa yfirsýn yfir fatnað barnanna með þessari leið. Jafnframt þarf að kenna börnunum að ganga frá í hólfín sín, sérstaklega þeim eldri þannig að þau viti hvar þau geti lagt frá sér fötin ef þeim verður heitt o.s.frv. Þá er gott að geta haft ákveðin stað inni á deild og svo í hólfunum í fataklefanum.

- **Samskipti milli fyrriparts og seinni parts vakta.**

Virkelega góð ábending sem nauðsynlegt er að bregðast sem best við. Við munum leggja okkur fram um að bæta þetta þar sem hópstjórar hitta ekki foreldra barna í sínum hópi í lok dags. Ákveðið var að hafa ákveðna dagbók á hverri deild þar sem starfsfólk skrifar niður helstu upplýsingar sem verða að vera fyrir hendi þann daginn. Einnig er mikilvægt að hver hópstjóri merkji vel við hvernig barnið borðaði og svaf þar sem það á við, og hvað var gert í Snillistundum yfir daginn. Ef upp koma óhöpp og annað er mikilvægt að foreldrar fái upplýsingar um það. Það er líka gott fyrir foreldra að hafa í hug að það er alltaf hægt að fá viðtal hjá okkur eða hringja í okkur til að fá upplýsingar um börnin ef þarf ☺

- **Mér finnst að útisvæðið mætti vera betra.**
- **Útisvæðið er allt of lítið.**
- **Leikvöllur við skólann er mjög lélegur, lítið útisvæði og gömul tæki.**
- **Mætti gera meira úr leiksvæði að framan.**
- **Leiksvæðið er fínt, en svolítið lítið en það bætist vonandi úr því þegar það nýji útivöllurinn kemst í gagnið. Starfsfólk hefur verið duglegt að leita lengra, á aðra róluvelli og garða og jafnvel bara skólalóð. Það er mjög gott og mætti alveg fara að auka það aftur.**
- **Mér finnst ábótavant útisvæði leikskólans. Ekki mikið fyrir lítil börn**
- **Útisvæði mjög ábótavant, ekki pláss fyrir börn á fimm deildum að leika sér úti, of fá leiktæki, nýja svæðið er slysagildra þegar hált er úti. Það vantar alveg autt gras til að leika sér í, einungis steypa eða hellulagt, leiðinlegt að geta ekki leikið sér úti í grasi á sumrin.**
- **Útisvæðið er lítið og óspennandi, ekki nóg af tækjum og nýja svæðið er ónothæft ennþá og hættulegt að ganga þarna um í hálku.**
- **Allt of lítil garður fyrir stækkandi leikskóla, hann er líka frekar miðaður að þörfum yngri krakka en þeirra eldri.**
- **Glataður kjallari, tröppur sem hægt er að keyra niður á kollum á hjólum væri hægt að setja hálfann vegg, jafnvel gegnsæjan eða hlið. Kæruleysi vegna framkvæmda alveg**

ótrúlegt, málning og efni útum allt þegar á því stóð, börnin hlaupa á milli ganga og engin fylgir eftir, draga hvort annað og enginn stoppar.

- Leikvöllurinn er of lítill og of óspennandi fyrir stærri börnin, því þarf að breyta.
- Minn gutti er 2 ára og elskar að vera úti að leika, það mætti fara með hann út yfir daginn :)
- Forvitnilegt að vita hvenær útisvæðið fyrir yngstu börnin verður tilbúið :)
- Lagið útisvæðið, hurðastopparana og setjið hlið fyrir stigaop í fataklefa. Takk fyrir loftræstikerfið, löngu, löngu, löngu kominn tími á það. Eitt að lokum hættið að hækka leikskólagjöldin og matargjaldið, foreldrar eiga ekki fleiri þúsundkalla fyrir ykkur og finnið aðrar lausnir til þess að fjármagna reksturinn eða takið upp afsláttarkerfi aftur. Kemst enginn inn í afsláttarkerfið eins og það er í dag.

Það kemur ekki á óvart að margir hafi nefnt að útisvæðið væri verulega ábótavant. Við tókum nýja útisvæðið í notkun í júní 2013 eftir langa bið eftir því. Það er mikill munur fyrir yngstu deildarnar að geta farið beint út á útisvæði í stað þess að nota stigann niður að útisvæðinu eða ganga langa leið úti til að komast á bak við. Á nýja útisvæðinu eru rólur, kastali, sandkassi, og gormatæki. Nú geta barnahóparnir notið sín betur á hvoru útisvæði fyrir sig. Eldri börnin nota útisvæðið á bak við hús í sinni útiveru. Við höfum óskað eftir því að sumarið 2014 verðir gerðar enn frekari úrbætur á nýja útisvæðinu, þ.e. setja gróður þannig að meira skjól gæti myndast. Einnig langar okkur til að fjölga rólum á útisvæði eldri barnanna og láta fjarlægja bílinn sem er orðinn heldur lúinn.

- Mætti vera hlið fyrir stigann sem liggur niður í salinn.

Í dag er komið hlið fyrir stigann niður að salnum og á það ávallt að vera lokað.

- Mætti skreyta leikskólann meira, leyfa krökkunum að mála/lita myndir og hengja upp, mikið af veggjum leikskólans eru hvítir og auðir. Reyndar bara dæmi tvisvar sinnum.
- Húsnæðið er flott, mér þætti gaman að sjá fleiri litríkar myndir á veggjum t.d. stafrófsblöð með myndum, tölustafi og svona námshvetjandi plaggöt.

Góðar ábendingar, miklu hlýlegra að hafa listaverk á veggjum, við erum sammála því. Við munum taka þetta til greina og minna okkur á að skreyta umhverfið með listaverkum barnanna. Tölustafir og stafrófsblöð eru flott og tengjast lotum okkar. Markmiðið okkar er að vinna barnanna í hverri lotu verði sýnileg foreldrum og að hún dreifist um leikskólann, t.d. í

fataklefa, á ganga og inni á deildum. Okkur finnst mikilvægt að foreldrar upplifi hvað við erum að gera.

- Inni, deildin sem slík er ágæt en öryggi er á mörgum stöðum ábótavant, rúllustólar í fataklefa nýja hluta bjóða uppá að fara niður stigann sem liggur að útisvæðinu (handrið öðru megin). Hurðir úr fataklefum og út eru ekki öruggar-vanstílltar hurðapumpur svo þær lokast ekki og börnin ná að komast sjálf fram í anddyri og þá er leiðin greið út. Sama á við um margar hurðir inni á deildirnar en þar eru líka klemmuvarnir á hurðum ekki rétt stilltar eða bara drasl.
- Deildin sjálf er í lagi fyrir utan hurðapumpuna sem nær ekki að loka alveg og skapar þannig hættu á að barn klemmi sig eða komist fram á gang. Í fataklefa barnsins stigi niður á útisvæði sem hefur bara handrið öðru megin og býður líka uppá að einhver gossi þar niður á rúllustólunum sem eru í fataklefanum, hlið mundi leysa það vandamál.

Búið að stilla allar hurðapumpurnar og þarf að gera það reglulega. Klemmuvarnir eru komnar og hlið fyrir stigann. Þetta eru atriði sem þurfa að vera í lagi og er allt að koma eftir framkvæmdir. Verðum að muna að fylgja þessu eftir og passa uppá að hafa allar hurðar í lagi og öryggi.

- Þar sem minn er algjör bílakall væri ég til í að sjá meira af bílum, brautum og þess háttar.

Við höfum verið að bæta við efniviði og gott að vita þetta þegar við bætum enn fekar við.

- Litlar upplýsingar. Líklega á heimasíðunni.
- Enn og aftur samskipti milli vakta. Einnig mætti bæta upplýsingar varðandi hvernig barnið borðaði yfir daginn. Svo væri fínt ef hægt væri að senda matseðla í tölvupósti.

Við viljum standa okkur vel í upplýsingaflæði og reynum að setja sem flestar upplýsingar á heimasíðu, bæði forsíðu- og deildarfréttir. Einnig reynum við að senda tölvupósta um það helsta sem er framundan sem og að hengja upp auglýsingar á útidyrhurðar og hurðar eða upplýsingatöflur við deildar. En .að má alltaf gera betur. Við viljum stefna að því að deildarfréttir birtist einu sinni í viku. Á forsíðu eiga helstu fréttir um það sem framundan er að vera. Einnig stefnum við að því að senda foreldrum tölvupóst einu sinni í mánuði. Við byrjuðum að hafa dagskrá mánaðar í römmum fyrir framan deildar og vonumst til að það festist í sessi og að foreldrar kíki á það plagg.

- Upplýsingarfundurinn sem haldinn var í den.
- I have been told about the courses that are run at teacher/parent meetings. Also at the meetings that the playschool olds for all the parents...probably also by e-mail...I can't remember now.

Þennan vetur var foreldrafundurinn með breyttu sniði þar sem nýjir foreldrar voru stöðugt að bætast í hópinn. Við höfðum fund fyrir nýja foreldra en næsta haust verður kynningarfundur fyrir alla foreldra eins og venjan er.

- Ég fékk upplýsingar um að skólinn sé með / vinni eftir Smt og bækling til að lesa.

Gott að vita að foreldrar vilja kynna sér SMT-skólafærni betur og við getum útvegað foreldrum bæklinginn eða veitt allar helstu upplýsingar ef foreldrar vilja.

- Í upphafi vetrar mætti kynna fyrir foreldrum áherslur í starfinu hverjar sem þær eru á hverjum tíma (tölur, stafir, texti, form og litir ofl) og hvort foreldrar geti gert meira og þá kannski í samvinnu við leikskólann til að hjálpa til við lærdóminn

Ákveðið hefur verið að hafa kynningarfund að hausti fyrir foreldra. Skóladagatalið okkar er nokkuð lýsandi fyrir hvað er að gerast á hverjum tíma og hvenær loturnar eru. Í framtíðinni langar okkur til að lotuvinnan verði enn betur skipulögð þannig að í hverri lotu verði unnið með ákveðin markmið, skipt upp eftir aldri. Þannig byggjum við jafnt og þétt upp nýja færni hjá barninu.

- Ég væri til að fá að vita hvaðan maturinn kemur, og er notast við lífrænt?
- Maturinn er mun betri núna en hann var en best væri ef það væri matráður á staðnum í staðinn fyrir að allt sé hitað upp.
- Fer í mig að barnið sé að fá upphitaðan mat í hádeginu, maturinn er reyndar skömminni skárri en hann var hjá matráðnum sem var við skólann en best væri ef maturinn væri hollur, góður og eldaður á staðnum, mætti líta til matseldar á Norðurbergi sem er snilld.
- Mjög vel komið til móts við sérþarfir í mat. En mér finnst að það ætti að vera hafragrautur á hverjum morgni. Einnig finnst mér að það ætti allaf að vera gróft brauð í kaffitímanum, skúffukökur og hart hrökkbrauð ætti ekki að vera á matseðlinum.
- Passa bara að það sé nóg af því og vatni að drekka þá er ég sátt.

- Ég er mjög ánægð með að börnin fá ávexti með morgunmat og í millimál. Fyndist samt að þar sem að boðið er upp á leikskóladvöl fyrir börn yngri en 1. árs að það mætti taka meira tillit til hvað þeim er boðið uppá en auðvitað frekar erfitt þar sem maturinn er ekki eldaður á staðnum.
- Fjölbreyttari ávextir og fjölbreyttari morgunmatur.
- Mér finnst óþarfi að setja sykur út á hafragrautinn
- Minni sykur, minna af unnum mat, best væri ef maturinn væri eldaður í eldhúsi skólans en ekki sendur annarstaðar frá.
- Er mjög ósátt við að Skólamatur sjái um matinn í leiksskólanum, finnst þeir ekki bjóða upp á það sem er best og alls ekki hollur matur þar á fer. Of mikið af unnum kjötvörum. Margar tegundir af morgunkorni kemur blandað saman í fötu á hverja deild.

Við höfum verið með skólamat nú í einn vetur. Við erum með reglulega fundi með fulltrúum Skólamatar og þar höfum við tækifæri til að koma með ábendingar um það sem betur má fara. Þau eru mjög liðleg og vilja koma á móts við okkar þarfir eins og unnt er. Við höfum fengið ábendingar frá foreldrum og reynum eftir fremsta megni að verða við þeim.

Skólamatur er með heimasíðu þar sem hægt er að skoða næringargildi í matnum og innihald og hvetjum við foreldra til að skoða heimasíðuna. Einnig er morgunkorn nú komið í sér skálar. Maturinn er eldaður í eldhúsi Skólamatar og fullkláraður í eldhúsi okkar. Við erum ávallt að endurskoða matseðillinn með starfsfólki Skólamatar. Skúffukökur eru ekki lengur á matseðli en því var hætt eftir ábendingar frá foreldrum. Góð samvinna milli okkar og Skólamatar er skilyrði og hefur hún gengið mjög vel. Fulltrúar frá Skólamat komu t.d. á foreldrafundinn okkar í október og kynntu sig. Umræður voru mjög góðar og ræddum við m.a. um börn sem þurfa á sérþæði að halda. Almenn ánægja er hjá foreldrum þeirra barna sem þurfa þá þjónustu og kom til tals að ákveðinn hópur myndi hittast til að fara yfir matseðla og koma með hugmyndir að nýjum uppskriftum.

## Eru önnur atriði sem þú vilt koma á framfæri við leikskólann eða rekstraraðila?

- Finnst leikskólinn til fyrirmyndar, er mjög ánægð með SMT stefnu leikskólans og þá umhyggju sem er borin fyrir börnunum
- Alltaf má gott bæta, ég er örugg um barnið mitt á meðan það er í skólanum og sé að því líður vel.
- Það var ofsalega metnaðarfullt starfsfólk að vinna þegar mitt barn byrjaði í aðlögun sem var að vinna frábært starf. Einhverjir hafa hætt og aðrir komið í staðin. Mér finnst metnaðurinn meðal nokkurra (ekki allra) ungra starfsmanna á deildinni ekki vera eins mikill, og mér þætti gaman að sjá meiri metnað meðal þeirra starfsmanna. Það var ungt fólk áður sem var að vinna frábært starf - svo aldur er engin hindrun. Að sjá metnaðinn og áhuga fyrir starfinu sínu það er það sem veitir foreldrum fullvissu um að verið sé að gera allt og meira en það til þess að veita barninu góða menntun, góða daga í leikskólanum og góðra minninga.
- Sem foreldri er ég mjög ánægt með leikskólann, starfsfólkið í heild sinni og deild barnsins. En ég sakna nokkurra starfsmanna sem gerðu starfið mjög metnaðarfullt - núverandi starfsfólki ólöstuðu. En það skiptir miklu að heyra frá starfsfólki hvað var gert skemmtilegt í dag og hvernig barninu leið, eitthvað skemmtilegt sem það sagði. Finnst svolítið eins og ég sé að setja út á núverandi starfsfólk - það er ekki málið, heldur finnst mér eins og metnaðurinn geti verið ögn meiri.

Þar sem oft eru mannabreytingar í leikskólum því miður, þá höfum við einnig lent í því. Við viljum leitast við að allt nýtt starfsfólk fái kynningu á starfinu hjá okkur og að allir sýni starfinu áhuga og metnað. Vonumst við til að það skili árangri og foreldrar upplifi það. Við viljum hafa góð foreldrasamskipti og nauðsynlegt fyrir foreldra að heyra skemmtilegar sögur og allt sem vel gengur.

- I have 2 older daughters aged 7 and 9 years and so have experience in total of 4 playschools. In my opinion the staff at Álfaberg are in first place when it comes to care and the well-being of my child. I know that I can trust the management to do what is best for him...for example when we came back after the summer break how Linda and Lilja planned Elías's placement taking into account that Katí was leaving and the building work disruption. They truly put him in a group that allowed him to



blossom and the move to the new department Helgafell went smoother than I could have wished for. Thank you.

- Heilt yfir er ég sem foreldri mjög ánægt með leikskólann og finnst þið hafa staðið ykkur mjög vel.
- Þið þurfið að kippa í liðinn það sem við töldum upp að væri að húsnæði og leiksvæði leikskólans. Hættið að hækka leikskólagjöld og matargjöld, tel það óeðlilegt að hafa gengið í gegnum svona margar hækkanir á leikskólagjöldum og matargjöldum á tæpum fjórum árum
- Ef börnin okkar eru ánægð þá erum við ánægð :)
- Þakklæti fyrir gott utanumhald fyrir barn með sérþarfir.
- Það mætti merkja leikskólann betur að utan og svo er Ég er með barn sem þarf sérstaka þjónustu og mikla athygli og þær hafa staðið sig frábærlega í því að kynna sér mál hans og leita sér þekkingar og þjálfunar til að hjálpa honum.

Við munum leggja áherslu á að fá leikskólann merktan að utan. Það er auðvitað mikilvægt, nauðsynlegt og fallett.

Það er ómetanlegt að fá allar þessar upplýsingar frá foreldrum og það mun án efa hjálpa okkur við að gera starfið okkar enn betra, faglegra og sýnilegra fyrir foreldrum. Markmiðið okkar er að hverju barni líði vel hjá okkur og að á hverjum degi fái það krefjandi og spennandi verkefni að fást við til að efla þroska þeirra og færni.

F.h. starfsmanna, Lilja Kolbrún og Linda.

